



ILDÍ á aðild að alþjóðlegum samtökum fagfólks sem starfar við þátttöku almennings, International Association of Public Participation (IAP2). Hér má finna **grunngildi** og **siðareglur** samtakanna. Grunngildin ná til væntinga og metnaðar sem snerta sjálft þátttökufærlíð. Tilgangur grunngildanna er að stuðla að betri ákvörðunum sem endurspeglar hagsmuni og áhyggjur þeirra sem mögulega verða fyrir áhrifum af þessum ákvörðunum. Í siðareglunum er síðan fjallað um hvernig fagfólk nálgast viðfangsefnin.

Grunnildi IAP2 fyrir þátttöku almennings

1. Þátttaka almennings byggir á þeirri trú að þegar teknar eru ákvarðanir, eigi þeir sem ákvörðunin hefur áhrif á, rétt á að taka þátt í ákvörðunartökufærlinu.
2. Þátttaka almennings felur í sér loforð um að það sem þátttakendur hafa fram að færa, muni hafa áhrif á ákvörðunina.
3. Þátttaka almennings stuðlar að sjálfbærum ákvörðunum, með því að greina og ræða þarfir og hagsmuni allra þátttakenda, þ.m.t. þeirra sem taka ákvörðunina.
4. Þátttaka almennings felur í sér að leitað er eftir og skipulögð aðkoma þeirra sem ákvörðunin gæti haft áhrif á eða hafa áhuga á henni.
5. Þátttaka almennings þýðir að leitað er eftir sjónarmiðum þátttakendanna sjálfra um það hvernig þátttöku þeirra verður háttað.
6. Þátttaka almennings þýðir að þátttakendur fá þær upplýsingar sem þeir þurfa til að geta tekið þátt á marktækan hátt.
7. Þátttaka almennings felur í sér að þátttakendum er tjáð hvernig þeirra framlag hafði áhrif á ákvörðunina.

www.iap2.org